




Borgarstjórnin í Reykjavík

	
Mótt. 25. MAR. 2019	
_____	
sign	
Skjalnúmer.	Ábmr.

Reykjavík, 14. mars 2019  
R17110067  
6631  
dmh

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### **Úlfarsfell - fjarskiptastöð - fjarskiptamiðstöð fyrir loftnet og tækniskýli með útsýnispalli - deiliskipulag**

Á fundi borgarráðs þann 14. mars 2019 var lagt fram að nýju bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. febrúar 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 6. febrúar 2019 á tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði á toppi Úlfarsfells vegna fjarskiptamasturs fyrir loftnet og tækniskýli með útsýnispalli, með áorðnum breytingum, ásamt fylgiskjölum, og bréf Ingimundar Stefánssonar, dags. 13. febrúar 2019, með viðbótarathugasemdum til borgarráðs, sbr. 10. lið fundargerðar borgarráðs frá 14. febrúar 2019. Einnig er lagt fram minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. mars 2019, vegna viðbótarathugasemda. R17110067

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun ásamt áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að vernda græn svæði eins og kostur er og hlúa að útivistarsvæðum. Úlfarsfellið er eitt mest vaxandi göngusvæði borgarbúa og aðdráttarafli útivistarfólks.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Ljóst er að mikið hefur farið fyrir hræðsluáróðri og rangfærslum í tengslum við þetta skipulag. Er slíkum dylgjum og rangfærslum vísað á bug. Staðreyndir tala sínu máli. Athuganir hafa sýnt að toppur Úlfarsfells er raunhæf og góð staðsetningin fyrir þann búnað sem samþykkt er að reisa í dag. Eins og fram kemur í umsögn Skipulagsstofnunar koma áætlanir um útsýnispall og notkun náttúrulegs efnis sem fellur að umhverfinu, þar sem því verður við komið, til móts við mikilvæga áherslu á útivistargildi svæðisins. Þá skal ítrekað að rannsóknir sýna að geislun frá mastri af þessu tagi eru langt undir öllum viðmiðunarmörkum og af þeim stafar engin heilsufarsógn. Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna fagna því að loks verði fullnægjandi útvarps- og fjarskiptabjónusta á höfuðborgarsvæðinu tryggð með nýju mastri.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun.

Miðflokkurinn leggst alfarið gegn fyrirhuguðum framkvæmdum á einum

vinsælasta útsýnisstað borgarinnar og vísar í fyrri bókanir vegna málsins. Eftirtekt vekur hversu hart Reykjavíkurborg hefur gengið fram í þessu máli þvert gegn vilja íbúa Úlfarsárdals, Grafarholts sem og íbúa borgarinnar almennt. Að reisa 50 metra hátt stálmastur hlaðið tækjabúnaði sem sendir frá sér slíka geislun að búnaðurinn var tekinn niður í Kópavogi vegna nálægðar við íbúahverfi er forkastanlegt. Að ætla sér að færa vandann yfir á íbúa Reykjavíkur er ekki lausn. Það er ósvífni. Fyrir liggur að hér er um að ræða hagsmuni einkafyrirtækis, ekki íbúa. Úlfarsfell er ekki talinn besti kostur, þar trónir efst á lista Þverfellshorn í Esju og Bláfjöll, þar sem fyrir eru sendar frá öðru fyrirtæki. Fjöldi athugasemda komu í kjölfar auglýsingar deiliskipulags á þessu svæði. Þessari aðför verður að ljúka hér og sú gríðarlega andstaða sem fram kemur í aðsendum athugasemdum í kjölfar auglýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir verði virt. Tilgangurinn með auglýsingum af þessu tagi er að fá fram vilja borgaranna. Jafnframt er þess krafist að núverandi óleyfisbúnaður verði fjarlægður tafarlaust.

Ólöf Örvarsdóttir tók sæti á fundinum undir þessum lið.

  
Helga Björk Laxdal  
e.u.